

1. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í D sal ÍSÍ, miðvikudaginn 22. september 2021, kl. 17:00.

Mættir: Sólveig Jónsdóttir, Eva Hrund Gunnarsdóttir, Guðbjörg Snorradóttir, Þórey Kristinsdóttir, Magnús Heimir Jónasson, Halldóra Guðvarðardóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Sigurbjörg Fjölнисdóttir, Axel Þór Eysteinnsson, Þór Ólafsson, Kristinn Arason, Helga Svana Ólafsdóttir og Þorbjörg Gísladóttir.

Forföll boðaði: Jarþrúður Hanna Jóhannesdóttir.

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

Ný stjórn var kosin á Fimleikafingi 2021 og mættu allir úr stjórn nema Jarþrúður Hanna Jóhannesdóttir. Nýr formaður FSÍ, Kristinn Arason, var boðinn velkominn ásamt nýrri stjórn.

Ný stjórn kynnti sig sem og starfsmenn skrifstofu ásamt því að telja upp hvaða verkefnum þeir sinna á skrifstofu.

Áður en farið var í dagskrá fundarins var farið í gegnum tillögu sem liggur fyrir á þingi um að stjórn fundi að minnsta kosti sex sinnum á ári, en ekki tvisvar sinnum í mánuði. Allir stjórnarmeðlimir voru sammála um að það væri góð breyting. Skrifstofa mun upplýsa stjórn um stöðu mála reglulega.

1. Fagnefndir FSÍ – opið fyrir umsóknir til 24. september.

Umræður um það að það þarf að grípa utan um og efla þær nefndir sem hafa ekki verið mikið starfandi. Skrifstofa er búin að auglýsa eftir framboðum í nefndir. Starfstími nefnda er sá sami og starfstími formanns, þ.e. tvö ár. Þegar búíð er að manna nefndirnar þá verður fundað með nefndunum.

2. Fimleikastigarnir – til samþykktar

Samþykktir.

3. Leyfisreglugerðin uppfærð – til samþykktar

Stjórn mun skoða leyfisreglugerð þar sem fundartími rann út.

4. Fræðsludagur sem fór fram 18. september og staðan á Fræðslukerfi

Helga Svana fjallaði um Fræðsludaginn og uppfærði stjórn um stöðuna á Fræðslukerfinu.



5. Landsliðsmál í áhaldafimleikum – staðan og hvaða verkefni eru framundan

Pórey, nýr starfsmaður skrifstofu, fór í gegnum stöðuna og uppfærði stjórn um hvaða verkefni væru framundan. Umræður fóru fram um HM og stöðuna á því verkefni.

6. Landsliðsmál í hópfimleikum – staðan og EM framundan

Helga Svana, sem hefur leyst Írisi Mist af, fór í gegnum stöðuna og uppfærði stjórn um EM verkefnið. Umræður voru um vandræði með flug og rætt var um hugsanlegt samstarf við flugfélög. Jafnframt var rætt um hvort skipuleggja ætti áhorfendaferð en það mun reynast erfitt vegna flugs.

7. Fjármálaregluverk

Stjórn mun skoða fjármálaregluverk þar sem fundartími rann út.

8. Sex mánaða uppgjör

Eva Hrund fór yfir sex mánaða uppgjör. Fjármálin líta vel út og samræmist fjárhagsáætlun.

Önnur mál

9. Skipan stjórnar

Varaformaður: Sigurbjörg Fjölnisdóttir

Gjaldkeri: Þór Ólafsson

Ritari: Halldóra Sigríður Guðvarðardóttir

10. Tölvupóstur frá blaðamanni – Ofbeldi í íþróttahreyfingunni



Sólveig, framkvæmdastjóri, uppfærði stjórn um stöðu mála. Stjórn vill hvetja félögin til að vera með tilkynningarleið innan sinna veggja. Skrifstofa mun búa til upplýsingapakka og senda á félögin.

11. Næstu verkefni

- Súpufundur
- Kynning til félaganna á snemmbærri getuskiptingu
- Umsókn í Rannís: Tæki og tól fyrir NMj í áhaldafimleikum og könnun á andlegri líðan og menningu í fimleikum (samstarf við Háskólann á Akureyri)

12. Fimleikahús

Umræður um hversu umsetin fimleikahúsin eru og vandræðum sem FSÍ er að lenda í vegna þessa, okkur vantar hús fyrir landsliðin, fræðslu og mótahald.

13. Ráðningar

FSÍ auglýsti eftir landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum kvenna og afreksstjóra í hópfimleikum. Enginn sótti um stöðu landsliðsþjálfara og var því sett á laggirnar landsliðsnefnd (sjálfboðaliðastarf) fyrir komandi verkefni. Farið var yfir ráðningarferlið varðandi afreksstjóra í hópfimleikum.

Fundi slitið rúmlega 19:00.